

Fimmtudaginn 23. október 1997.

Nr. 11/1997.

**Alþýðusamband Íslands vegna
Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

BSÍ Hópfærðabílum

(Gunnar Jóhann Birgisson hrl.)

Verkfall.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16a, Reykjavík vegna Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, kt. 600269-2409, Mörkinni 6, Reykjavík.

Stefndi er BSÍ Hópfærðabílar, kt. 430987-2599, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík.

Málið var þingfest hinn 29. maí sl., en dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 14. október sl.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur við 18. gr. laga nr. 80/1938 er hann, hinn 29. maí 1995, fékk Sæmund Sigmundsson sérleyfishafa, Borgarnesi, til að aka að Hótel Lind, Rauðarárstíg, Reykjavík, til þess að sækja og aka þaðan með farþega sem Sérleyfisbifreiðar Helga Péturssonar hf. áttu að aka með.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt er renni í ríkissjóð.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnandi verði í öllum tilfellum dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Upphaflega setti stefndi fram kröfur um frávisun málsins, en fallið var frá þeim undir rekstri málsins.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að hinn 11. maí 1995 hófst verkfall hjá félagsmönnum Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis og stóð það til 31. maí það sama ár er samningar tókust.

Stefndi BSÍ Hópfærðabílar er umboðsskrifstofa sem rekin er af nokkrum sérleyfis- og hópfærðaleyfishöfum með það að markmiði að leigja út hópfærðabíla. Stefndi úthlutar verkefnum til einstakra sérleyfis- og hópfærðaréttindahafa, sem aðild eiga að skrifstofunni. Sæmundur Sigmundsson, sérleyfishafi í Borgarnesi er einn þeirra sérleyfishafa, sem aðild eiga að skrifstofunni. Þann 29. maí 1995 stóð til að fara ferð sem stefndi hafði tekið að sér fyrir Samvinnuferðir-Landsýn hf. samkvæmt sérstökum samningi aðila. Á þessum tíma stóð verkfall félagsmanna stefnanda enn yfir. Þegar leggja átti af stað í ferðina á bifreið frá Sæmundi Sigmundssyni sérleyfishafa stöðvuðu verkfallsverðir stefnanda bifreiðina á þeim forsendum að um verkfallsbrot væri að ræða. Einnig var komið í veg fyrir það að bifreið frá Sérleyfisbifreiðum Helga Péturssonar hf. sem var á staðnum færi þessa ferð, en ágreiningur er með aðilum um það hvor sérleyfishafinn hafi í upphafi átt að takast þessa ferð á hendur.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er tekið fram um málavexti að verkfallið hafi beinst að þeim viðsejendum sem aðild áttu að síðastgildandi kjarasamningi Sleipnis, þ.m.t. Félagi sérleyfishafa og Sérleyfisbifreiðum Helga Péturssonar hf. Stefndi máls þess sé félag sem sé í eigu og rekið af Félagi sérleyfishafa. Hlutverk stefnda sé að deila út verkefnum til félagsmanna sinna. Stefndi hafi samið við Samvinnuferðir-Landsýn um 11 daga ferð með erlenda ferðamenn. Hinn 29. maí 1995 skyldi fólksflutningabifreið á vegum Sérleyfisbifreiða Helga Péturssonar hf. aka með þá ferðamenn er um ræðir. Félagsmenn stefnanda hafi þá vakið athygli forsvarsmanna stefnda á því að starfsmenn Sérleyfisbifreiða Helga Péturssonar hf. væru í verkfalli og því yrði ferð bifreiðarinnar stöðvuð. Bifreið á vegum Sæmundar Sigmundssonar, sérleyfishafa í Borgarnesi, sem þá hafi verið fengin til verksins hafi verið stöðvuð af félagsmönnum stefnanda þar sem um verkfallsbrot hafi verið að ræða.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefnda hafi verið óheimilt að stuðla að því að afstýra lögmætu verkfalli hjá félagsmönnum stefnanda, með því að leita eftir aðstoð sérleyfishafans Sæmundar

Sigmundssonar, Borgarnesi, og ráða hann til verksins, þar sem starfsmenn þess síðarnefnda hafi verið félagsmenn í Verkalýðsfélagi Borgarness, sem aftur hafi átt aðild að Alþýðusambandi Íslands, sem stefnandi eigi aðild að.

Allt sé þetta brot á meginreglunni er fram kemur í 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur:

„Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.“

Þannig hafi stefndi, sem upphaflega hafi ráðið til verksins Sérleyfisbifreiðar Helga Péturssonar hf., ætlað að komast hjá verkfalli með því að fá félagsmenn í Verkalýðsfélagi Borgarness til þess að ganga inn í störf félagsmanna stefnanda sem voru á þeim tíma í verkfalli.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991. Þess er krafist að við ákvörðun hans verði tekið tillit til þess að stefnandi verði að greiða virðisaukaskatt ofan á þann málskostnað sem hann hefur af máli sínu.

Kröfuna um sekt í ríkissjóð styður stefnandi við 65. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að hann hafi það að markmiði að leigja út hópferðabíla. Stefndi úthluti verkefnum til einstakra sérleyfis- og hópferðaréttindahafa en komi hvergi nærri gerð kjarasamninga eða öðru sem viðkomi starfsmannamálum einstakra sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa eða fyrirtækja á þeirra vegum.

Þann 29. maí 1995 hafi átti að fara ferð sem stefndi hafði tekið að sér fyrir Samvinnuferðir-Landsýn hf. samkvæmt sérstökum samningi aðila og hafi Sæmundur Sigmundsson sérleyfishafi í Borgarnesi verið fenginn til verksins. Á þeim tíma hafi verkfall félagsmanna stefnanda staðið yfir, en starfsmenn Sæmundar hafi ekki verið í verkfalli þar sem þeir séu ekki aðilar að stefnanda heldur Verkalýðsfélagi Borgarness, sem er aðili að Alþýðusambandi Íslands. Þegar leggja átti af stað í ferðina hafi verkfallsverðir stefnanda stöðvað bifreið Sæmundar með ólögætum hætti og bakað stefnda

með því umtalsvert tjón en skaðabótamál sé rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna þess tjóns.

Stefndi sem ekki hafi staðið í neinni vinnudeilu eða átti aðild að kjarasamningi hafi aðeins verið að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Samvinnuferðum-Landsýn samkvæmt samningi aðila og fengið til þess aðila sem hafi verið í fullum rétti.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi á því að hann hafi ekki komið í veg fyrir verkfall eða gert tilraun til þess að afstýra verkfalli með ólögmetum hætti og því ekki brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 þegar samið var við Sæmund Sigmundsson, sérleyfishafa í Borgarнесi um að fara umrædda ferð.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að orðalag 18. gr. laga nr. 80/1938 „er þeim sem hún að einhverju leyti beinist gegn“ geti ekki átt við stefnda og þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna hann. Stefndi sé í stöðu þriðja manns og hafi orðið fyrir tjóni í vinnudeilum stefnanda og atvinnurekenda er starfi við sérleyfis- og hópferðaleyfisakstur.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að starfsmaður Sæmundar hafi verið í fullum rétti til þess að fara í þessa ferð enda hafi hann ekki verið í verkfalli. Starfsmenn Sæmundar megi starfa í Reykjavík og réttur þeirra til þess að vera í Verkalýðsfélagi Borgarнесs, sem er fullgilt félag innan Alþýðusambands Íslands, sé varinn í íslensku stjórnarskránni og í íslenskri vinnulöggjöf. Reglur íslenskra samkeppnislaga og hin svokallaða jafnræðisregla tryggi Sæmundi Sigmundssyni rétt til þess að taka að sér verkefni hvar sem er á landinu, jafnframt því sem Sæmundur hafi slíkan rétt á grundvelli venju eða hefðarsjónarmiða, enda byggir starfsemi hans á áralangri reynslu. Stefndandi hafi hingað til, þ.e. þegar friðarskylda kjarasamninga sé virk, ekki amast við eða reynt með beinum hætti að stöðva starfsemi hans, né heldur talið hann brjóta forgangsréttarákvæði kjarasamninga stefnanda við vinnuveitendur með því fyrirkomulagi er Sæmundur Sigmundsson og starfsmenn hans hafi á félagsaðild þeirra. Enda sé það staðreynd að fjölmargir bílstjórar annarra sérleyfis- og hópferðaleyfishafa séu félagsmenn í öðrum félögum en í Bifreiðastjórafélaginu Sleipni. Þá er og bent á að í leyfi Sæmundar Sigmundssonar til að stunda hópferðaaakstur, sem gefið sé út á grundvelli laga nr. 53/1987 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, sé aksturssvæði hans á engan hátt takmarkað.

Í þriðja lagi telur stefndi ljóst að málalíbúnaður stefnanda stand-

ist ekki þegar byggt sé á því að samið hafi verið við Sæmund Sigmundsson um að fara umrædda ferð þegar ljóst hafi verið að fólksflutningabifreið á vegum Sérleyfishafa Helga Péturssonar hf. gæti ekki tekið að sér að fara þessa ferð þar sem starfsmenn fyrirtækisins hafi verið í verkfalli. Með öðrum orðum að starfsmenn Sæmundar Sigmundssonar hafi verið að ganga inn í störf verkfallsmanna. Framlögð dómskjöl stefnanda sanni hið gagnstæða.

Í framlögðu bréfi frá Samvinnuferðum-Landsýn hf. dags. 12. júní 1995 komi fram að upphaflega hafi verið sendur af stað bíll frá Sæmundi Sigmundssyni til þess að fara þessa ferð en síðan hafi komið bíll frá Sérleyfishafa Helga Péturssonar hf. Þetta komi ennfremur fram í framlagðri lögregluskýrslu.

Þá sé þess einnig að geta að Kristín Helgadóttir, sem mætt hafi fyrir Sérleyfishafa Helga Péturssonar hf., sé í hópi eigenda þess fyrirtækis, hún sé einn af stjórnendum og annar af tveimur prókúruhöfum þess, eins og fram komi á vottorði hlutafélagaskrár. Hafi hún því verið í hópi þeirra sem máttu vinna í umræddu verkfalli og er í því sambandi vísað til Félagsdóms IX:182 og dóma Hæstaréttar sem fallið hafa um rétt stjórnenda til að vinna í verkfalli.

Þá byggir stefndi á því að aðgerðir verkfallsvarða stefnanda hafi gengið langt út fyrir það sem eðlilegt megi telja og hafi ekki verið þáttur í því að koma í veg fyrir verkfallsbrot í skilningi 18. gr. laga nr. 80/1938 heldur hafi þær einungis beinst að því að hefta för tiltekinnar farþega sem hafi ætlað að notfæra sér þjónustu aðila sem hafi verið í fullum rétti.

Sýknukrafan er að öðru leyti rökstudd með vísan til laga nr. 62/1994 um lögfestingu mannréttindasáttmáli Evrópu, samkeppnislaga nr. 8/1993 og til stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Stefndi BSÍ Hóþferðabílar er sjálfstæður lögaðili, umboðsskrifstofa, sem sérleyfis- og hóþferðaréttindahafar reka og eru aðilar að. Markmiðið með rekstrinum er útleiga hóþferðabíla og skulu skráðar bifreiðar skrifstofunnar jafnan ganga fyrir um vinnu, eins og fram kemur í samþykktum fyrirtækisins. Fyrir liggur að sérleyfishafarnir Helgi Pétursson hf. og Sæmundur Sigmundsson, Borgarnesi, eru báðir aðilar að skrifstofu stefnda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndi hafi brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 með því að fá sérleyfishafann Sæmund Sigmundsson til að fara í umrædda ferð í stað Helga Péturssonar hf. Er um það ágreiningur í málinu hvor hinna greindu sérleyfishafa hafi í upphafi verið fenginn til þess að fara í ferð þessa. Þorvaldur Daníelsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt frá því fyrir dómi að Sæmundur Sigmundsson, Borgarnesi, hafi verið fenginn til þess að fara umrædda ferð, en leitað hafi verið til Helga Péturssonar hf., þegar bílstjóri Sæmundar hefði verið stöðvaður. Kristín Helgadóttir hjá Helga Péturssyni hf. hefur skýrt frá atvikum á sama hátt fyrir dómi. Vitnið Friðrik Haraldsson leiðsögumaður hefur á hinn bóginn borið að hann hafi fengið þær upplýsingar að einn eigenda Helga Péturssonar hf, Halldór Helgason, ætti að fara þessa ferð, en síðar hafi komið fram að hann kæmist ekki og að bifreið frá Sæmundi Sigmundssyni færi í hans stað. Samkvæmt framlagðri lög-regluskýrslu kom bifreið frá Helga Péturssyni hf. á staðinn á eftir bifreiðinni frá Sæmundi Sigmundssyni. Þá er tekið fram í bréfi Samvinnuferða-Landsýnar hf. til stefnda dags. 12. júní 1995 að upphaflega hafi verið sendur af stað bíll frá Sæmundi, en síðar hafi komið bíll frá Helga Péturssyni hf. Gegn andmælum stefnda og samkvæmt því sem upplýst er í málinu samkvæmt framansögðu verður að telja ósannað að Sæmundur Sigmundsson sérleyfishafi hafi verið fenginn til fararinnar í stað Helga Péturssonar hf.

Stefndi átti ekki beina aðild að umræddri kjaradeilu og hafði ekki í sinni þjónustu félagsmenn stefnanda. Þá hafði stefndi ekki stöðu vinnuveitanda gagnvart sérleyfishafanum Sæmundi Sigmundssyni, Borgarnesi, sem tók að sér að aka með farþega frá Hótel Lind við Rauðarárstíg í Reykjavík hinn 29. maí 1995 er verkfall hjá félagsmönnum stefnanda stóð enn yfir. Þá liggur fyrir að starfsmenn sérleyfishafans Sæmundar Sigmundssonar voru félagsmenn í verkalýðsfélagi Borgarness, sem ekki var aðili að greindri vinnudeilu.

Þegar framangreint er virt verður ekki talið að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með því að hafa milligöngu um að greindur sérleyfishafi tæki að sér aksturinn tiltekið sinn. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,-.

D ó m s o r ð:

Stefndi, BSÍ Hópfurðabílar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis.

Stefnandi greiði stefnda kr. 100.000,- í málskostnað.
